



Forsætisnefnd

Reykjavík Science City - Alþjóðlegt markaðssamstarf með Íslandsstofu

Lagt fram til kynningar framgangsskýrsla fyrir árið 2022 um samstarfsverkefnið „Reykjavík Science City“ sem Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í frá árinu 2021.

Greinagerð

Þann 10. mars 2021 skrifaði Reykjavíkurborg undir samning um markaðs- og kynningarverkefni til að kynna tækifæri í Vísindabörpinu í Vatnsmýri sem Reykjavík Science City gagnvart erlendum aðilum. Í verkefnastjórn eru auk Reykjavíkurborgar aðilar frá Íslandsstofu, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landspítala og Vísindagörðum Háskóla Íslands.

Reykjavík Science City verkefnið miðar að því að laða fólk, fyrirtæki og fjármagn á sviði nýsköpunar til Reykjavíkurborgar. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir og vísindi.

Árið 2022 var kynningarmyndband unnið og vörumerkið notað á viðburðum á borð við SLUSH og Tech BBQ. Blaðamönnum var boðið til Reykjavíkur á Iceland Innovation Week og fjárfestar heimsóttu Hellisheiði á vegum verkefnisins.

Hjálögð fylgiskjöl sýna framgang verkefnisins árið 2022.

Virðingarfyllst,

Óli Örn Eiríksson

Teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunarteymis

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Miðlæg stjórnsýsla

Samrit:

Hjálagt: Reykjavík Science City – Framgangsskýrsla 2022
Reykjavík Science City – Kynning fyrir forsætisnefnd júní 2023

Minnisblað

Til Reykjavíkurborgar

Frá Íslandsstofu / Áherslu #2 HNT

Varðar: Reykjavík Science City (RSC) markaðsverkefni.

Inngangur:

Stofnað var til markaðsverkefnisins Reykjavík Science City árið 2021 til að kynna á alþjóðlegum grundvelli innviði og umgjörð nýsköpunar, vísinda og tækni í Vatnsmýrinni. Að verkefninu koma 5 hagaðilar: Reykjavíkurborg, Landspítalinn, Vísindagarðar, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Íslandsstofa var falið að sjá um framkvæmd verkefnisins.

Markmið:

Ísland er í dag lítt þekkt sem land nýsköpunar, tækni og viðskipta. Markmið verkefnisins er að Vatnsmýrin verði efsóttur staður menntunar, nýsköpunar, rannsókna og alþjóðlegs vísindastarfs. Áhersla er lögð á að kynna einstaka staðsetningu og þá kosti sem felast í henni og nálægð við háskólaumhverfið, Landspítala, Vísindagarða og leiðandi fyrirtæki á sviði rannsókna og hugvits, ásamt kostum þess að búa í Reykjavík, s.s. fjölskylduvænt samfélag og nálægð við náttúru.

Verkefnið á að stuðla að því að erlendir aðilar velji Vísindaporpið í Vatnsmýri (Reykjavík Science City) sem ákjósanlegan stað fyrir starfsemi sinna fyrirtækja, fyrir samstarfsverkefni á sviði rannsókna og vísinda og efla beina og óbeina fjárfestingu á svæðinu. Markhópar verkefnisins eru erlendir fjárfestar, erlendir sérfræðingar og alþjóðleg tæknifyrirtæki.

Skipulag og haghafar:

Stýrihópur verkefnisins kemur saman fjórum sinnum á ári. Stýrihópin skipa fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Landspítala, Vísindagörðum, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, auk fulltrúa frá Íslandsstofu sem fer með formennsku. Á þeim fundum er samráð haft um mótun verkefnis, efnistöð og helstu verkefni. Daglegur rekstur verkefnis er í höndum starfshóps innan Íslandsstofu.

Fjármál:

Verkefnið er fjármagnað af hagaðilum. Reykjavíkurborg leggur til 10 milljónir kr. Íslandsstofa 10 milljónir kr. (Þar af eru 5 milljónir í formi vinnuframlags), aðrir hagaðilar í stýrihópnum leggja verkefninu 2,5 milljónir í té ár hvert. **Fjöldi vinnustunda starfsfólks Íslandsstofu árið 2022 voru 856 talsins.**

Verkefni ársins:

Efnisgerð:

Tekin voru upp viðtöl við erlenda sérfræðinga sem búa hér á landi og starfa hjá íslenskum hugbúnaðarfyrirtækjum. Þetta efni nýttist í kynningarherferðum á árinu. Einn fremsti

ljósmyndari landsins var fenginn til að taka yfirlitsmyndir af svæðinu, m.a. Grósku og byggingum Vatnsmýrinnar.

Samfélagsmiðlaherferðir:

Árið 2022 voru margar herferðir keyrðar til þess að kynna verkefnið „Reykjavík Science City“. Markmið herferðanna var mismunandi, oftast snérist þær um að auka vitund (Awareness) skilgreindra markhópa á kostum Reykjavíkur fyrir fjárfesta, fyrirtæki, sérhæft vinnuafli og stúdenta. Í öðrum tilfellum var markmiðið að koma efni og upplýsingum á framfæri af vef eða samfélagsmiðlum; að vekja athygli á þátttök RSC á viðburðum erlendis s.s. Tech BBQ, Nordic Fintech, Slush o.fl. Á sömu viðburðum voru svæðisbundnar birtingar (location based targeting) þar sem reynt var að vekja athygli á verkefninu og íslenskum fyrirtækjum sem tóku þátt í viðburðunum.

Blaðamannaferð í maí 2022:

Eftirfarandi blaðamenn tóku þátt: Stefan Stern, blaðamaður hjá **Financial Times** og **The Guardian**, Orianna Rosa Royle, Senior Reporter frá **Management Today** Akansha, Dimri, Editor-in-Chief frá **TechFunding News** Bobby Hillard, staff writer frá **IT Pro**, David Soffer, Editor-in-Chief frá **TechRound**, Johan Magnuson, Senior Digital Editor of Scandinavian **MIND**.

Blaðamannaferð í september 2022:

Íslandsstofa flutti til landsins blaðamenn frá Nordic Fintech Magazine til að fjalla um fjártækni. Tekin voru viðtöl við 7 fjártækniyrirtæki í samvinnu við fjártækniklasann.

Fjárfestaviðburðir:

Haldnir voru 5 fjárfestaviðburðir í nafni Reykjavík Science City. Sá sértækasti var stefnumót íslenskra tölvuleikjafyrirtækja við fjárfesta á sviði gaming og afþreyingar í London í September 2022 í samvinnu við Sendiráð Íslands í London, CCP og IGI/SI. Á TechBBQ og Slush voru haldnir fjárfestaviðburðir fyrir Saas fyrirtæki úr fjölbreyttum greinum. Að lokum má nefna það sem haldið var í samvinnu við fjártækniyrirtækið Lucinity og fjártækniklasann á Nordic Fintech week í Kaupmannahöfn í september 2022. Þá var fjárfestum á sviði sjálfbærnilausna boðið í fyrirtækjaheimsóknir á Íslandi á meðan Iceland Innovation Week fór fram.

Iceland Innovation Week:

Reykjavík Science City var haldið á lofti í vikunni sem laðaði til sín ríflega 500 erlenda gesti úr röðum fjárfesta og stofnenda hugbúnaðarfyrirtækja. Erlendir fjárfestar

Árangur:

Samfélagsmiðlaherferðir:

- Þegar á heildina er lítið gengu þessar herferðir vonum fram. Efnið sem hefur verið framleitt fyrir RSC er að virka vel en þó ólíkt eftir miðlum.
- Viðbrögðin voru almennt betri en gert var ráð fyrir og betri en almennt er miðað við í sambærilegum herferðum. T.d. smelli hlutfall (CTR) oftast mjög gott en í einhverjum tilfellum var kostnaður á smelli (CPC) hærri en gengur og gerist vegna smæðar markhópa.

Samantekt á árangri á samfélagsmiðlum:

- 4 milljónir birtinga á samfélagsmiðlum
- 800 þúsund+ dekkun samanlögð á öllum miðlum,
- 165 þúsund viðbrögð á samfélagsmiðlum,
- 26 þúsund smellir á auglýsingar,
- 726 þúsund áhorf á kynningarmyndbönd

Blaðamannaferðir og árangur af PR starfi:

Á árinu var haldin blaðamannferð í maí, á sama tíma og Nýsköpunarvikan var haldin en hún laðaði að sér fjölda erlendra gesta úr röðum fjárfesta og stofnenda tæknifyrirtækja.

- Birtingar: 1056
- Reach: 16,992,888
- Impressions: 84,938,840
- GBP: 848,958
- Virði ISK: 150,265,630

Fjöldi fyrirtækja sem taka þátt:

- 32 íslensk vaxtarfyrirtæki kynnt á TechBBQ í Kaupmannahöfn sept 2021
- 50 íslensk vaxtarfyrirtæki kynnt á SLUSH des 2021
- 40 íslensk vaxtarfyrirtæki kynnt á TechBBQ í Kaupmannahöfn 2022
- 61 íslensk vaxtarfyrirtæki kynnt á SLUSH nóvember 2022
- 15 íslensk fjártækniyrirtæki kynnt á Nordic Fintech Week september 2022.

Ánægjukannanir:

Framkvæmdar eru þjónustukannanir um alla viðburði á vegum markaðsverkefnisins.

Niðurlag:

Samfélagsmiðlar:

- Árið hefur nýst vel í að kynnast markhópnum betur og við erum alltaf að átta okkur betur á því hvernig við getum átt í árangursríkum samskiptum við hann í gegnum samfélagsmiðla.
- Í heildina reyndist Meta best þegar horft er á viðbrögð (*engagement*) og smelli (*CTR*) en hinsvegar erum við að ná til verðmætari markhóps í gegnum LinkedIn.
- Notkun Twitter reyndist áskorun framan af en kom mjög vel út í herferð sem við keyrðum í kringum Slush í Helsinki í nóvember.

Síðustu tvö ár hafa einkennst af uppbyggingu á þjónustunni sem tengjast RSC og ekki síst við mörkun á vörumerkinu. Við horfum spennt fram á veginn og sjáum mikil tækifæri í verkefninu sem mun á næstu misserum fara inn á fleiri markaði og snerta fleiri starfsgreinar innan hugvits og tækni.

Með sterkt vörumerki að vopni á borð við RSC mun sagan um Nýsköpunarlandið styrkjast og skila okkur árangri í formi aukinna gjaldeyrstekna, vaxandi hagvaxar og bættra lífskjara.

Reykjavik Science City

Fundur stýrihóps 16.
maí 2023

Fundargerð og gögn
lögð fram á fundinum



Dagskrá:

Samantekt fyrir árið 2022

Áætlun árið 2023

Markaðsaðgerðir

Blaðamannaferð í maí 2023

Önnur mál

Fundargerð stýrihóps RSC 16. maí 2023 kl. 14.00

Mætt:

Óli Örn Eiríksson, Reykjavíkurborg

Þórey Einarsdóttir, Vísindagarðar

Sæunn Stefánsdóttir, Háskóli Íslands

Árni Alvar Arason, Íslandsstofa

Jarprúður Ásmundsdóttir, Íslandsstofa

Forföll: Gísli Hjálmtýsson HR og Tómas Þór Ágústsson, Landpsítali

Kynnt var samantekt fyrir árið 2022, skýrsla um starfsemi og árangur síðasta árs, áætlun árið 2023, markaðsaðgerðir og blaðamannaferð í maí 2023. Við skoðun á kostnaðaráætlun benti Óli Örn á mikilvægi þess að telja með vinnuframlag í krónum frá Íslandsstofu. Það var þegar lagað í yfirliti yfir framlög til verkefnisins.

Kynningarmál og nýting á efni: Rætt var um að tengja meðlimi stýrihóps við starfsmann markaðs- og samskiptasviðs Íslandsstofu með það í huga að styðja enn betur við markaðsaðgerðir einstakra aðila stýrihóps og nýta það efni sem framleitt er á hverjum stað. Þórey sýndi glæsilegt myndband frá Innovation 360 ráðstefnunni. Óli er með kynningar á fasteignaþróun og Sæunn er með ferskt kynningarefni sömuleiðis.

Næsti fundur stýrihóps verður haldinn eftir miðjan ágúst 2023. Sá fundur hefur þegar verið boðaður.

Fundargerð: Jarprúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hugvits, nýsköpunar og tækni.

Reykjavik Science City

Samantekt 2022

Birtingar og árangur



Desember 2022



Samantekt

Árið 2022 vor þónokkrar herferðir keyrðar til þess að kynna verkefnið „**Reykjavík Science City**“. Markmið herferðanna var mismunandi, oftast snérist þær um að auka vitund (*Awareness*) skilgreindra markhópa á kostum Reykjavíkur fyrir fjárfesta, fyrirtæki, sérhæft vinnuafl og stúdenta. Í öðrum tilfellum var markmiðið að koma efni og upplýsingum á framfæri af vef eða samfélagsmiðlum; að vekja athygli á þátttök RSC á viðburðum erlendis s.s. Tech BBQ, Nordic Fintech, Slush ofl. Á sömu viðburðum voru svæðisbundnar birtingar (*location based targeting*) þar sem reynt var að vekja athygli á verkefninu og íslenskum fyrirtækjum sem tóku þátt í viðburðunum.


Þessi skýrsla nær utan um kostaðar birtingar á samfélagsmiðlum sem voru unnar með fyrirtækjunum SAHARA og Datera. Auk kostaðar birtinga voru reglulegar færslur á samfélagsmiðlum og uppfærslur á vef verkefnisins unnar í gengum árið.

Samantekt frh.

Þegar á heildina er litið gengu þessar herferðir vonum framar. Efnið sem hefur verið framleitt fyrir RSC er að virka vel en þó ólíkt eftir miðlum. Viðbrögðin voru almennt betri en gert var ráð fyrir og betri en almennt er miðað við í sambærilegum herferðum. T.d. smelli hlutfall (CTR) oftast mjög gott en í einhverjum tilfellum var kostnaður á smelli (CPC) hærri en gengur og gerist vegna smæðar markhópa.

Á árinu byggðist upp mikil reynsla sem verður hægt að byggja á 2023 og eftir því sem verkefninu vindur áfram.





Lykilárangurstölur RSC 2022

800þ + dekkun
samanlögð á öllum miðlum

165þ Viðbrögð
á samfélagsmiðlum

4M birtingar
á samfélagsmiðlum

26þ smellir
á auglýsingar

726þ áhorf
á kynningarmyndbönd*

* Fjöldi spilana sem skilgreind eru sem lágmarks áhorfslengd miðils

Birtingar og miðlar:



	Dekkun	Birtingar	Smellir	Smelli hlutfall (CPR)	Kostnður p. smell (CPC)	Áhorf	Viðbrögð
Meta FB/IN: Kostað efni	546.400	1.893.074	10.792	1,4%	20 kr	83.645	103.691
Meta FB/IN: Birtingar kynningarefnis	63.329	215.220	1.924	0,9%	162 kr	32.472	34.474
LinkedIn: Kostað efni	n/a	245.122	3.459	1,4%	196 kr	48.863	4.244
LinkedIn: Birtingar Kynningarefnis	n/a	139.137	580	0,6%	1.308 kr	34.850	1.092
Twitter: Kostun og Birtingar	120.934	1.499.819	8.917	0,6%	89 kr	526.397	22.027
Samtals:	730.663	3.992.372	25.672			726.227	165.528

Dæmi um efnisnotkun:

**Reykjavik Science City**
Sponsored · 

Reykjavik Science City is a unique place to nurture talent and business with one of world's the most innovative and creative [...See more](#)



rsc.is
Reykjavik Science City

Learn more

**Reykjavik Science City**
Sponsored · 

Meet some international professionals from various industries working in Reykjavik Science City who now call Iceland home. [...See more](#)



reykjaviksciencecity.is
See Reykjavik Science City for more 

Learn more

**Reykjavik Science City**
Sponsored · 

This year the Icelandic delegation led by Business Iceland , Embassy of Iceland in Helsinki, and Iceland Innovation [...See more](#)



  Andrea Burgau-... 2 comments 4 shares

Niðurstöður

Árið hefur nýst vel í að kynnast markhópnum betur og við erum alltaf að átta okkur betur á því hvernig við getum átt í árangursríkum samskiptum við hann í gegnum samfélagsmiðla.


Í heildina reyndist Meta best þegar horft er á viðbrögð (*engagement*) og smelli (*CTR*) en hinsvegar erum við að ná til verðmætari markhóps í gegnum LinkedIn.

Notkun Twitter reyndist áskorun framan af en kom mjög vel út í herferð sem við keyrðum í kringum Slush í Helsinki í nóvember.



Næstu skref

- Setja skýr markmið KPI's fyrir herferðir næsta árs byggðar á þeirri reynslu sem fékkst í ár (2022)
- Huga að frekari efnisgerð fyrir vef. Það skortir ýtarlegri upplýsingar sérstaklega fyrir erlenda fjárfesta og sérhæft vinnuafli um þá kosti sem hér eru í boði og þær reglur sem eru í gildi.
- Huga sérstaklega að kynningarefni fyrir fjárfesta. Við höfum helst átt á vandræðum með efnisgerð fyrir þann hóp.
- Við teljum tækifæri í því að setja fjármagn í efnisgerð fyrir LinkedIn með tillit til hvers markhóps fyrir sig



Næstu skref frh.

- Gera tilraunir með birtingar Google Search og Google Display. Við teljum mikil tækifæri liggja þar en við þurfum að gera það samhliða frekari uppbyggingu vefsins.
- Gera tilraunir á fleiri miðlum t.d. YouTube og TikTok
- Kanna möguleikann á því stofna fréttabréf fyrir RSC



Reykjavik Science City

Áætlun 2023



Yfirlit yfir tekjur og kostnaðaráætlun



Business Iceland



Áætlun 2023

Framlag til verkefnisins skv. samningi

Reykjavíkurborg: 10 m. kr.

Íslandsstofa: 10 m.kr (þar af eru 5 m.kr. í formi vinnuframlags.)

Háskóli Íslands: 2,5 m.kr.

Háskólinn í Reykjavík: 2,5 m.kr.

Landspítalinn: 2,5 m.kr.

Vísindagarðar HÍ: 2,5 m.kr.

Samtals 30 m.kr.

RSC: Aðgerða og kostnaðaráætlun 2023

Aðgerðir:	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Samtals:
1 Framleiðsla (testimonials):				1.000.000 kr	1.000.000 kr								2.000.000 kr
2 Sahara - samfélagsmiðla		750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr				750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	6.000.000 kr
3 LinkedIn - Editor		400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr				400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr	3.200.000 kr
4 Datera - Herferði	- kr	- kr	500.000 kr	200.000 kr	1.000.000 kr				1.500.000 kr	500.000 kr	2.500.000 kr	- kr	6.200.000 kr
Sjávartækniráðstefna			500.000 kr	200.000 kr									
Iceland Innovation week					500.000 kr								
Nordic startup awards					500.000 kr								
TechBBQ									1.000.000 kr				
Nordic Fintech Week									500.000 kr				
Web Summit										500.000 kr			
Nordic Life Sciene Days											500.000 kr		
SLUSH											2.000.000 kr		
5 Blaðamannaferð (PR)				4.000.000 kr									4.000.000 kr
6 Efnisgerð fyrir vef		200.000 kr	200.000 kr						200.000 kr	200.000 kr			800.000 kr
7 Aðkeypt (sérfraeðipjónusta)									1.000.000 kr				1.000.000 kr
8 Óráðstafað		225.000 kr	225.000 kr	225.000 kr	225.000 kr				225.000 kr	225.000 kr	225.000 kr	225.000 kr	1.800.000 kr
Samtals	- kr	1.575.000 kr	2.075.000 kr	6.575.000 kr	3.375.000 kr	- kr	- kr	- kr	4.075.000 kr	2.075.000 kr	3.875.000 kr	1.375.000 kr	25.000.000 kr

- Skýringar:
- 1 Framleiðsla á 3-4 "testimonials" myndböndum (fjárfestar). Viðtöl+broll
 - 2 Sahara Retainer + Birtingar: Rekstur samfélagsmiðla Meta, LinkedIn ofl.
 - 3 Aðkeypt efnisgerð fyrir LinkedIn skv. ritstjórnarstefnu RSC (efni sem nýtist jafnframt í fréttabréf RSC og á vef Business Iceland)
 - 4 Birtingar í aðdraganda á viðburðum á vegum RSC, "location based targeting" meðan á þeim stendur og "ReMarketing eftir að þeim er lokið)
 - 5 Aðkeypt þjónusta
 - 6 Kostnaður við hönnun og framleiðslu kynningarefnis fyrir sýningar ofl.



Yfirlit verkefna Q1 og Q2 2023






Markaðsleg áskorun tækni- og hugverkaiðnaðar

Til að mæta þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett hafa verið fram fyrir tækni- og hugverkaiðnað í framtíðarstefnu íslensks útflutnings, er lykilforsenda að auka þekkingu okkar markhóps á nýsköpunarlandinu Íslandi.

+412% aukin verðmæti í
tækni og hugverkaiðnaði



Metnaðarfull markmið hugvits í hagvexti

Hugvit er óprjótandi auðlind á meðan nýting náttúruauðlinda á sér takmörk. Vegna þessa hefur mikil áhersla verið lögð í framtíðarstefnu íslensks útflutnings á vöxt starfsemi sem byggir á hugviti, nýsköpun og tækni.

+2.000
ný störf



+200 ma.kr
erlend fjárfesting



Þörf á sérfræðingum og fjárfestingu

Til að tækni- og hugverkaiðnaður á Íslandi dafni og nái markmiðum sínum, er sár þörf á meira sérfræðimenntuðu vinnuafli og erlendri fjárfestingu sem önnur lönd keppast um að fá til sín.

-13% minni tengsl við
íslenska nýsköpun



Lítill þekking um nýsköpunarlandið Ísland

Ísland stendur aftar en önnur Norðurlönd í hugum okkar markhóps þegar kemur að nútíma innviðum, sterku atvinnulífi og nýsköpun. Aukin þekking eykur samkeppnishæfni og líkur á auknu vinnuafli, fjárfestingu og hagvexti.

Markaðssvæði & markhópar

Íslandsstofa mótar áherslur
markaðsverkefnisins með þarfir
fyrirtækja í huga og hvernig best er að
styðja við vöxt þeirra.

Við sækjumst eftir því að laða hingað til
lands fjárfesta, sérfræðinga og alþjóðleg
fyrirtæki sem sækjast eftir
rekstrarumhverfi sem býður upp á
sjálfbærni, stuðlar að jákvæðum
samfélagslegum breytingum og verndar
náttúruna (ESG).*

* Environmental, Social, and Governance



Fjárfestar

VC sjóðir sem leita að vaxtar-
fyrirtækjum sem standa fyrir ESG*



Sérfræðingar

Sem leita að spennandi starfi hjá
framsæknum fyrirtækjum sem greiða
samkeppnishæf laun í umhverfi sem
býður upp á eftisóknaverðan lífsstíl



Alþjóðleg fyrirtæki

sem leita að starfstöð á smærri
'agile' stöðum með sjálfbærni og
ESG að leiðarljósi

MARKAÐSSVÆÐI OG VIÐBURÐIR FUTURE TECH



Markaðssvæði:

- Norður-Ameríka
- Norðurlöndin
- Bretland
- Þýskaland og Frakkland



Áhersla #2 Viðburðir og Þátttaka

Viðburður	Tegund	Staður	Dags.
Eastern Health	Sendinefnd	Reykjavík	Feb
Boston Seafood	Sýning	Boston	Mar
Barcelona Seaf. Exp.	Sýning	Barcelona	Apríl
LP fjárfestamót	Fjárfestatengsl	Reykjavík	Mái
Iceland Innovation Week	Tengslaviðburður	Reykjavík	Mái
Nordic Amplify	Vinnustofa	Winston Salem	Jún
Seatech Sendinefnd BI	Viðskiptatengsl	Seattle (HG)	Sep
TechBBQ	Ráðstefna	Kaupmannahöfn	Sept
Nordic Fintech Week	Ráðstefna	Kaupmannahöfn	Sept
IGI fjárfestaviðb.	Fjárfestatengsl	London	Sept
Med Tech Námsstefna	Sendinefnd	Berlín	Okt
Web Summit	Ráðstefna	Lissabon	Nóv
High-Tech Conference	Ráðstefna	Shenzen	Nóv
Nordic Life Sci. Days	Sýning	Kaupmannahöfn	Nóv
SLUSH	Ráðstefna	Helsinki	Nóv
UK health hraðall	Vinnustofa	London	Nóv
N-Am. Nordic Health	Vinnustofa	New York	Des

Q1 Viðburðir og þátttakendur

Boston Seafood

- Sjávarútvegssýning með þátttöku sjávartækifyrirtækja.
- **Markmið:** Efla viðskiptatengsl fyrirtækja á sviði sjávartækni í Norður Ameríku.
- **Árangur:** Almenn ánægja meðal þeirra sem tóku þátt. Viðburðurinn þykir mikilvægur. Fyrirkomulag verður endurskoðað fyrir næsta ár.
- Fjöldi fyrirtækja:: 2

Q2 Viðburðir og þátttakendur

Seafood Expo Global Barcelona

- Stærsta sjávarútvegssýning í heimi. Þjóðarbás með sjávartækifyrirtækjum.
- **Markmið:** Efla og viðhalda viðskiptatengslum á heimsvísu.
- **Árangur:** Vel mætt á viðburð Ísandsstofu, mikil þátttaka og áhugi á íslensku fyrirtækjunum. Almenn ánægja.
- Fjöldi fyrirtækja: 14

Q1 Viðburðir og þátttakendur

Eastern Health Sendinefnd til Íslands

- Fulltrúar frá Eastern Health verkefninu komu til landsins að kynna tækifæri fyrir tengsl og þróun á sviði heilsutækni.
- **Markmið:** Að efla viðskiptatengsl og viðskiptaþróun íslenskra heilsutækifyrirtækja inn á markað Nýfundnaland, Labrador og Kanada.
- **Árangur:** Fyrirtækjum á þessu sviði gefst kostur á að taka þátt í verkefninu sem snýr að market entry. Verkefnið fer fram júní - október.
- Fjöldi þátttakenda: 10



Áhersla #2 Viðburður



Nordic Innovation Summit

- Þátttaka í ráðstefnu í National Nordic Heritage Museum með Áslaugu Örnú, ráðherra HVÍN og Sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, Bergdís Ellertsdóttur
- Efla viðskiptatengsl íslenskra fyrirtækja á sviði sjálfbærra fiskveiða, sjávartækni og gagnavera sem drifin eru á grænni orku.
- Wsie, Trackwell, Kerecis, Marel, Hafró, Sjávarklasinn, American Seafood, og Alaska University tóku þátt.

Verkefni: Opinber heimsókn forseta Íslands til Kanada

- Forsetahjón ásamt fulltrúum frá Sjávartækni, heilsutækni og grænni orku.
- Markmið er að efla tengslanet fyrirtækja og samvinnu þjóðanna. .
- Helstu niðurstöður: Opinberir aðilar síður tilbúnir að taka þátt vegna kostnaðar. Ferðin á eftir að fara fram (loka maí 2023.)



Áhersla #2 Verkefni og Staða

Vantar ríflega 450 sérfræðinga á næsta ári

Meðalfjöldi stöðugilda '22 = 2.039
Áætlaður fjöldi stöðugilda '23 = 2.494



Stefnir í 22% fjölgun
stöðugilda árið '23

- Hálaunastörf sem krefjast sérhæfðrar menntunar


43% fyrirtækja ætla að ráða til sín starfsmann í bakendaforritun, framendaforritun eða forritun.

53% fyrirtækja ætla að ráða starfsmann í markaðsmál, alþjóðasölu, stafræna markaðsetningu eða miðlun á efni.

Könnun Íslandsstofu á rekstrarumhverfi vaxtarfyrirtækja

- 240 fyrirtæki fengu könnunina senda, 96 svöruðu, 40% svarhlutfall.
- **Markmið:** Að kortleggja helstu hagsmuni fyrirtækjanna til að styrkja virðisboð Íslandsstofu. Helstu markaðssvæði, fjárfestapörf, run rate, fjöldi stöðugilda og áfrom um ráðningar eru meðal atriða sem skoðuð eru.
- **Niðurstöður** benda til áframhaldandi vaxtar
 - Áform eru um að fjölga starfsfólki um 22% árið 2023
 - Fyrirtækin hyggjast sækja 36 milljarða í fjárfestingu árið 2023
 - Flest stóðust eða fóru fram úr áætlunum á síðasta ári.

Áhersla #2 Verkefni og Staða



Verkefni: LP mót

- Stofnfjárfestum boðið að taka þátt í sérstöku móti hér á landi í tengslum við IIW 2023.
- Markmið: Að efla erlend tengsl íslenskra sjóða við stofnfjárfesta í þeim tilgangi að efla þá og stækka.
- Árangur: 10 erlendir LP fjárfestar munu taka þátt og fá kynningu á íslenska umhverfinu og hitta bæði sjóði hér á landi og þjónustuaðila á borð við lögmansstofur og endurskoðendur.

Verkefni: Blaðamannaferð RSC

- Blaðamannaferð RSC sem miðar sérstaklega á fjár- og tölvuleikjatekni. 8 erlendir blaðamenn mæta til landsins frá UK, Írlandi, Kanada og USA.
- Markmið: Að koma íslenskum fyrirtækjum á þessu sviði á framfæri.
- Árangur: Ferðin fer fram í Nýsköpunarvikunni.

Verkefni: Nýsköpunarvikan 2023

- Íslandsstofa tekur þátt í Nýsköpunarvikunni með ýmsum hætti, bæði með LP móti, blaðamannaferð og móttökum
- Markmið: Að kynna Ísland sem land nýsköpunar, tækni og sjálfbærni
- Helstu niðurstöður: Viðburðurinn hefur nú þegar sannað sig sem einn mikilvægasti kynningarviðburður á nýsköpunarumhverfinu og sjálfbærnisögunni í gegnum OK Bye.



Áhersla #2 Verkefni og Staða “Dealroom”

Islandsstofa Business Iceland

Search for companies, investors, people, lists & innovations

Sign up Login

Explore the Iceland ecosystem

Built by and for founders, investors, executives and tech enthusiasts.

402 STARTUPS

267 ROUNDS

Login to see JOB OPENINGS

Create a free account to customise your experience

Sign up

OVERVIEW CURATED CONTENT HOW TO USE WHY ICELAND?

Add your organization

Are you a founder, a VC, or otherwise active in the ecosystem? Gain visibility, unlock more features, and help the database become more complete by adding your organization for free.

Becoming a partner

Our partners help make this platform what it is through data sharing, collaboration, sponsorship and research. Sounds interesting? We'd love to discuss any ideas.

Where the data comes from

This platform is powered by Dealroom. We combine machine learning and data engineering with user-submitted data with robust verification processes and a strong network of ecosystems.

Glossary & definitions

What is a startup, scaleup or service provider? B2B or B2C? Take a look at our methodology and list of Dealroom definitions.

Home

Benefits

Dashboard

Curated content

Startups & Scaleups

Job board

Corporates

Investors

Funding rounds

Exits

Accelerators

Universities

Governments & Non-profits

People

More organizations

Dealroom soft launch

Viðburður með lykilmál úr nýsköpunarumhverfinu. Alþjóðlegur vefur um nýsköpunarfyrirtæki markaða.

Markmið: Að koma upplýsingum um íslensk nýsköpunarfyrirtæki á framfæri, búa til góða yfirsýn yfir umhverfið, fjölda fyrirtækja, stærð þeirra og fjárfestingar í þeim.

Árangur: Platförmioð er tilbúið. Íslensk fyrirtæki eru að setja inn upplýsingar um sig. Gott samstarf við sjóði, klasa og einstök fyrirtæki.

reykjavík
science
city*